

# **Aðalfundur Smalahundafélags Íslands**

## **haldinn að Miðengi í Grímsnesi laugardaginn 10. mars 2010.**

### **Mættir voru 18 félagar**

#### **Dagskrá:**

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar
3. Kosningar
4. Lagabreytingar
5. Önnur mál

Formaður setti fundinn. Svanur var kjörinn fundarstjóri og Kristján Ingi ritari.

#### **1. Skýrsla stjórnar**

Hilmar flutti skýrslu stjórnar. Ný heimasíða er komin í notkun, <http://smalahundur.123.is/>. Enn vantar inn upplýsingar af gömlu síðunni og verða þær sett inn smám saman.

Umræða var um ættbókarskráningar. Núverandi form þungt og seinlegt að fá inn skráningar á nýjum gotum. Hugmynd kom upp að fá BÍ til að taka yfir skráningar. Eins og núverandi kerfi er þá tekur Kristín við skráningum færir inn í ættbókarkerfi. Svo sendir hún þær til Unnar sem kemur þeim inn á netið. Rætt um að Kristín tali við Unni um að taka við hennar hluta. Einnig rætt um að athuga með aðstoð frá þeim sem halda utan um vefumsjónarkerfi nýju síðunnar um hvernig gera megi skráninguna einfaldari til birtingar á netinu.

Hugmynd kom upp um að taka upp tvö verð á skráningum, eitt fyrir féлага og annað fyrir þá sem ekki eru í félaginu.

Hilmar sagði einnig frá stofnun nýrrar deildar, Smalahundadeild Árnassýslu. Hilmar fór á vegum félagsins á Sauðamessu í Borgarnesi.

Námskeið og keppni var á vegum Austurlandsdeildar hjá Varsa síðast liðið haust.

#### **2. Skýrsla gjaldkera**

Svanur fór yfir ársreikninga fyrir Marsibil gjaldkera. Reikningar samþykktir samhljóða. Skoðunarmenn reikninga voru Lárus Sigurðsson og Elísabet Gunnarsdóttir

#### **3. Stjórnarkjör**

Marsibil kom inn í stjórn sem varamaður í fyrra en í ár á að kjósa um gjaldkera. Marsibil var kosinn samhljóða inn í stjórn. Varamaður var kjörinn Reynir frá Hurðarbaki.

#### **4. Lagabreytingar**

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

## 5. Önnur mál

- Fundurinn samþykkti samhljóða að hækka félagssgjald úr 1.500 kr í 2.000 kr.
- Stjórn landssambandsins sjái um að útvega og greiða dómara á landskeppni.
- Rætt um verkaskiptingu milli landssambands og deilda í sambandi við Landskeppni. Engin ákvörðun tekin í því sambandi.
- Stefnt á að landskeppni næsta árs verði haldin í Húnavatnssýslum. Ásta mun setja sig í samband við Húnavetninga. Ef þeir treysta sér ekki til að halda keppnina að ári munu Skagfirðingar halda keppnina. Stefnt að því að keppnin verði haldin á svipuðum tíma að ári. Þorvarður bauðst til að halda Landskeppnina á Austurlandi 2011

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið  
Kristján Ingi Jónsson